

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Prestshús (Presthús), Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 6. desember 2022, nýtt deiliskipulag fyrir Prestshús (Presthús) á Kjalarnesi. Í tillögunni sem lögð er til felst uppbygging Prestshúsa (Presthúsa) til fastrar búsetu, samhliða því að byggja upp dvalar- og vinnuástöðu fyrir listafólk og áhugafólk um listir og náttúru. Byggð verða upp innan jarðarinnar íbúðarhús, vinnustofur og gestahús ásamt fjölnota sal á svæðinu. Staðsettur verður aðkomuvegur, gönguleiðir byggingarreitur og settir skilmálar fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs svæðis í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Horn og Smábýli 2, Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 14. júní 2023, breytingu á deiliskipulagi Móa, Skrauthóla og Sjávarhóla vegna lóðanna Horns og Smábýlis 2. Í breytingunni sem lögð er til felst að stofnaðar verði þrjár nýjar lóðir úr landinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hávallagata 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 22. júní 2023, breytingu á deiliskipulagi Hólatorgsreits vegna lóðarinnar nr. 9 við Hávallagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á notkun bílskúrs í vinnustofu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 17. júlí 2023.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 18. júlí 2023